

REGLUR

um breyting á reglum um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Grein 1.5. orðast svo:

Nái sölutegund í sérpöntunarþjónustu, sbr. 4. tl. þessara reglna, lágmarkshlutfalli til að haldast í kjarna, sbr. tl. 1.10, getur birgir óskað þess að hún flytjist í reynslusölu. Við útreikning hlutfalls skal nota heildarsölu viðkomandi vöruflokks í Vínbúðinni Heiðrúnu þ.m.t. sölu í sérpöntunarþjónustu í stað heildarsölu skv. tl. 1.10. Það er skilyrði, að sölutegundin hafi náð tilskildum árangri næstu 12 mánuði, áður en óskað er flutnings svo og að sýnishorn vörunnar hafi verið látin í té og samningur gerður svo sem áskilið er um vörur í reynslusölu. Tímamörk tl. 2.3 eiga ekki við í þessu tilviki. Reynslusala vörunnar hefst innan tveggja mánaða frá samningsgerð.

Reglur þessar öðlast gildi 1. júní 1999.

Reykjavík, 18. maí 1999.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen

Sigurður M. Magnússon

Árni Tómasson

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast hér með framangreindar breytingar á reglum nr. 105/1999 um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Fjármálaráðuneytinu, 21. maí 1999.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Marianna Jónasdóttir.

Nr. 352

7. maí 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu úthlutunar- og starfsreglna stjórnar Bókasafnssjóðs höfunda.

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 203/1998 um Bókasafnssjóð höfunda hefur menntamálaráðherra hinn 7. maí 1999 staðfest úthlutunar- og starfsreglur stjórnar Bókasafnssjóðs höfunda sem stjórnin hefur samþykkt sbr. fylgiskjal með auglýsingu þessari. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 7. maí 1999.

Björn Bjarnason.

Pórunn J. Hafstein.

Fylgiskjal.**Úthlutunar- og starfsreglur fyrir Bókasafnssjóð höfunda.****I. Úthlutun miðað við útlán.**

1. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða sér starfsmann eða semja við annan aðila til að sinna daglegum rekstri sjóðsins, undirbúa úthlutanir í samvinnu við stjórn, boða fundi, rita fundargerðir og sjá um bókhald sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ræður lög giltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins.

2. gr.

Til grundvallar við úthlutun miðað við útlán bókasafna skulu notaðar upplýsingar sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 203/1998 um Bókasafnssjóð höfunda, frá eftirtöldum bókasöfnum: Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni Íslands, a.m.k. 3 almenningsbókasöfnum, 4 skólasöfnum og 1 framhaldsskólasafni, samkvæmt nánari ákvörðun sjóðstjórnar. Þá skal miðað við fjölda eintaka á lestrarsölum sömu bókasafna og hvert eintak á lestrasal reiknað sem samsvarar 4 útlánnum á ári.

3. gr.

Upphæðir undir kr. 1.000 eru ekki greiddar út og hámarksgreiðsla er kr. 300.000 sbr. 5. gr. laga nr. 33/1997 um Bókasafnssjóð höfunda. Þeir fjármunir sem ekki koma til úthlutunar skv. þessari grein færast til úthlutunar næsta árs.

4. gr.

Höfundar þurfa að skrá sig hjá Bókasafnssjóði höfunda til að eiga rétt á úthlutun. Skráning í eitt skipti nægir, sbr. þó 5. gr. hér á eftir. Stjórn sjóðsins lætur útbúa sérstök skráningareyðublöð. Skráningartímabil er auglýst árlega í dagblöðum og í fréttabréfum þeirra félagasamtaka sem aðild eiga að sjóðnum. Skráning eftir að auglýstum skráningar-fresti lýkur veitir aðeins rétt til úthlutunar á næsta ári eftir að frestur er útrunninn.

5. gr.

Skipting í hlutföllum milli höfunda þegar um er að ræða fleiri en einn höfund fer eftir samkomulagi höfundanna. Til viðmiðunar skal höfð sú regla að eitt útlán getur skiptst í sex jafna hluta, þannig að einstakur höfundur getur átt 1/6, 1/3, 1/2, 2/3, 5/6 hluta í verki. Verði ekki samkomulag með höfundum um skiptingu tekur stjórn sjóðsins lokaákvörðun um skiptingu með hliðsjón af þessari reglu.

6. gr.

Upplýsingar frá þeim bókasöfnum sem stjórn Bókasafnssjóðs höfunda velur í árlegt úrtak skulu berast í tölvutæku formi.

7. gr.

Árlega eru skilgreinar sendar þeim höfundum sem fá úthlutað eftir útlánnum og koma þar fram upplýsingar um útlán sem úthlutunin byggir á.

II. Úthlutun styrkja í viðurkenningarskygni.

8. gr.

Styrki skal veita í viðurkenningarskygni íslenskum rithöfundum, þýðendum og myndhöfundum sem eru réttthafar ritverka í almenningsbókasöfnum, Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni, skólasöfnum og bókasöfnum í stofnunum sem kostaðar eru af ríkissjóði eða sveitarfélögum.

9. gr.

Við veitingu styrkja í viðurkenningarskyni skal bæði stefnt að því að örva höfunda í starfi og veita viðurkenningu fyrir verk sem eru til afnota á söfnum þeim sem greind eru í 1. gr. laga nr. 33/1997 um Bókasafnssjóð höfunda.

10. gr.

Styrkjum skal úthluta með hliðsjón af útgefnum verkum höfunda frá síðustu árum og gildi þeirra fyrir íslenska menningu. Við úthlutun styrkja í viðurkenningaskyni skal m.a. hafa til hliðsjónar *Íslenska bókaskrá* sem Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn gefur út.

11. gr.

Stjórn Bókasafnssjóðs höfunda ákveður árlega upphæð þeirra styrkja sem veittir eru.

III. Almenn ákvæði.

12. gr.

Stjórn sjóðsins samþykkir úthlutun og undirritar hana.

13. gr.

Úthlutunar- og starfsreglur þessar eru settar á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 203/1998 um Bókasafnssjóð höfunda og öðlast þegar gildi.

Samþykkt af stjórn Bókasafnssjóðs höfunda.

REGLUGERÐ**um gjöld fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar.**

1. gr.

Fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar skal greiða eftirfarandi gjöld:

	kr.
1. Fyrir endurrit eða ljósrit, hver síða	100
2. Fyrir áritun í vegabréf eða önnur persónuskilríki	1.200
3. Fyrir staðfestingu undirskriftar stjórnvalda og einstaklinga, hvert skjal	1.200
4. Fyrir aðrar staðfestingar	1.200
5. Fyrir útflutningsleyfi	1.200
6. Fyrir aðstoð við útvegum vottorða og yfirlýsinga frá opinberum stjórn- völdum eða öðrum á Íslandi eða erlendis	3.000
7. Fyrir millifærslu fjármuna til og frá útlöndum (neyðartilvik)	3.000
8. Fyrir þýðingu, hver síða	3.500
9. Fyrir aðstoð viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins eða aðra aðstoð starfsmanna utanríkisþjónustunnar samkvæmt skriflegum samningi, á klst.	4.000
10. Fyrir milligöngu um birtingu stefnu í einkamálum og greiðsluáskorunar fyrir aðila erlendis	5.000
11. Fyrir tilnefningu vegna móttöku stefna, dóma og tilkynninga fyrir hönd innlendra fyrirtækja og stofnana	10.000